

Þriðjudaginn 1. desember 1987.

Nr. 230/1986. **Ólafur Jónsson, persónulega og
f.h. einkafirma síns Unex**

(Gissur Kristjánsson hdl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands og

Þorvaldi G. Einarssyni

(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)

Skadabætur. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefni 20. ágúst 1986. Hann gerir þær kröfur að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 266.700,00 sænskum krónum með ársvöxtum í samræmi við gildandi víxilvexti í Svíþjóð, þannig: 7% frá 27. júní 1975 til 22. ágúst s.á., 6% frá þeim degi til 30. janúar 1976, 5,5% frá þeim degi til 4. júní 1976, 6% frá þeim degi til 4. október s.á., 8% frá þeim degi til 17. febrúar 1978, 7,5% frá þeim degi til 20. apríl s.á., 7% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 6,5% frá þeim degi til 6. júlí 1979, 7% frá þeim degi til 27. september s.á., 8% frá þeim degi til 23. nóvember s.á., 9% frá þeim degi til 18. janúar 1980, 10% frá þeim degi til 21. janúar 1981, 12% frá þeim degi til 15. október s.á., 11% frá þeim degi til 12. mars 1982, 10% frá þeim degi til 21. janúar 1983, 9% frá þeim degi til 8. apríl s.á., 8% frá þeim degi til 17. febrúar 1978, 7,5% frá þeim degi til 20. maí 1985, 11,5% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10,5% frá þeim degi til 17. janúar 1986, 9,5% frá þeim degi til 14. mars s.á., 8,5% frá þeim degi til 18. apríl s.á., 8% frá þeim degi til 16. október s.á. og 7,5% frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara gerir áfrýjandi þá kröfu að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 182.967,00 íslenskum krónum með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabankans, þ.e. að dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni

á ári, þannig: af 182.967,00 krónum 3% frá 28. júní 1978 til 30. maí 1979, 4% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 250.481,00 krónu 4% frá 28. júní 1979 til 30. ágúst 1979, 4,5% frá 1. september s.á. til 30. maí 1980, 4,75% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 384.025,00 krónum 4,75% frá 28. júní 1980 til 30. maí 1981, 4,5% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 602.036,00 krónum 4,5% frá 28. júní 1981 til 20. apríl 1982, 4% frá 21. apríl s.á. til 27. júní s.á., af 920.393,00 krónum 4% frá 28. júní 1982 til 30. október 1982, 5% frá 1. nóvember s.á. til 27. júní 1983, af 1.434.892,00 krónum 5% frá 28. júní 1983 til 20. október s.á., 4,75% frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, 2,5% frá 21. janúar s.á. til 27. júní s.á., af 2.064.924,00 krónum 2,5% frá 28. júní 1984 til 10. ágúst s.á., 2,75% frá 11. ágúst s.á. til 30. janúar 1985, 3,75% frá 1. febrúar s.á. til 28. febrúar s.á., 4% frá 1. mars s.á. til 27. júní s.á., af 2.860.126,00 krónum 3,5% frá 28. júní 1985 til 31. ágúst s.á., 3,75% frá 1. september s.á. til 28. febrúar 1986, 2,75% frá 1. mars s.á. til 31. mars s.á., 2,25% frá 1. apríl s.á. til 27. júní s.á., af 3.975.575,00 krónum 2,25% frá 28. júní 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% frá 1. mars s.á. til 31. maí s.á., 2,8% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 5.100.663,00 krónum 2,8% frá 28. júní 1987 til 30. júní s.á., 3% frá 1. júlí s.á. til 31. júlí s.á., 3,4% frá 1. ágúst s.á. til 31. ágúst s.á., 3,5% frá 1. september s.á. til 30. september s.á., 3,6% frá 1. október 1987 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Áfrýjandi rekur mál þetta sem skaðabótamál á hendur stefndu vegna aðgerðaleysis stefnda Þorvalds við innheimtu tveggja víxla að fjárhæð 100.000,00 og 200.000,00 sænskar krónur. Aðrar málsástæður hefur áfrýjandi ekki borið skýrlega fyrir sig.

Ljósrit af víxlunum liggur fyrir í málinu. Víxillinn að fjárhæð 100.000,00 sænskar krónur er útgefinn af áfrýjanda 24. janúar 1975. Hann er samþykktur af „IBC AB/Ronnie Wolf“. Á hann er ritað að víxilfjárhæðin skal „gälla fullgörande av räkleveranser“. Hinn víxillinn, 200.000,00 sænskar krónur, er einnig útgefinn af áfrýjanda hinn 10. febrúar 1975 og samþykktur af sama aðila. Á hann er ritað að víxilfjárhæðin skal „gälla Fullgörande av lev. av

10 ton IQF rökör". Framlögð ljósrit víxlanna bera ekki með sér áritun um að um tryggingarvíxla sé að ræða. Þeir áttu að greiðast við sýningu.

Áfrýjandi gaf út hinn 30. janúar 1975 vörureikning til IBC fyrir 5 tonnum af frystri rækju að fjárhæð 100.000,00 sænskar krónur. Um greiðsluskilmála er tekið fram að þeir séu „C.A.D. Accept." Hinn 5. febrúar s.á. gaf áfrýjandi út annan vörureikning fyrir 10 tonnum af frystri rækju til sama fyrirtækis að fjárhæð 200.000,00 sænskar krónur. Þar segir að varan sé seld gegn samþykktum víxli. Áfrýjandi seldi síðan sama fyrirtæki frysta rækju samkvæmt vörureikningi 26. febrúar s.á. fyrir 195.000,00 sænskar krónur og vörureikningi 6. mars s.á. fyrir 190.000,00 sænskar krónur gegn samþykktum víxlum. Svo virðist sem áfrýjandi hafi fengið samþykktan víxil frá IBC A/B 190.000,00 sænskar krónur með gjalddaga 12. júlí 1975.

Stefndi Þorvaldur hlutaðist til um að víxlarnir, 100.000,00 og 200.000,00 sænskar krónur, væru afsagðir 27. júní 1975, en þá hafði hann fengið afhenta í maí. Eindregin mótmæli gegn afsögnunum komu frá samþykkjanda víxlanna. Í bréfi frá lögmanni hans sama dag telur hann víxlana greidda. Um það segir hann meðal annars í bréfinu í þýðingu löggilts skjalapýðanda: „Víxlarnir eru vegna sölu á 10 lestum af rækju fyrir 200.000 s.kr. annars vegar og 5 lestum af rækju fyrir 100.000 s.kr. hins vegar. Þeir eiga rætur að rekja til reikninga dags. 30.1.1975 og 5.2.1975. Fyrir þessar vörusendingar hefur IBC AB sent 380.500,00 s.kr. til Unex um hendur Sparbankernas Bank, Stokkhólmi.“

Í málinu er yfirlit yfir greiðslur IBC A/B til áfrýjanda á árinu 1975 fyrir rækju. Ekki verður annað séð en yfirlit þetta stafi frá áfrýjanda. Greinir þar að innborganir á tímabilinu 6. febrúar 1975 til 14. maí s.á. hafi numið 382.000,00 sænskum krónum.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild sinni þykja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að víxlarnir hafi verið samþykktir til efnda á kröfum samkvæmt vörureikningunum frá 30. janúar og 5. febrúar 1975. Með sama hætti verður að telja, að víxlar þessir hafi verið fullgreiddir eigi síðar en um miðjan maí s.á. samkvæmt áðurgreindu greiðsluyfirliti og bréfi lögmanns samþykkjanda, þó svo áfrýjandi héldi víxlunum, en samkvæmt útflutningsleyfi bar að afhenda

Landsbanka Íslands útflutningsskjöl til innheimtu. Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna að víxlunum hafi verið ætlað að vera til trygg-
ingar skuld kaupanda rækjunnar almennt, enda bera þeir þess ekki
merki eins og að framan greinir. Þykir því eins og á stendur eiga
að leggja sönnunarbyrðina um það atriði á áfrýjanda. Með því að
sú sönnun hefur ekki verið færð fram í málinu þykir þegar af
þessum ástæðum eiga að sýkna stefndu af skaðabótakröfu áfrýj-
anda.

Kröfur áfrýjanda í máli þessu eru tölulega útreiknaðar eftir því
tjóni sem hann telur sig hafa beðið vegna aðgerðaleyfis stefndu við
innheimtu víxlanna. Hann hefur dregið inn í málið önnur atriði,
svo sem fráhrarf stefnda Búnaðarbankans frá því að standa við til-
boð á nauðungaruppboði um kaup á eignarhluta áfrýjanda í Aðal-
stræti 9 og þátt stefnda Þorvalds í því að eiginkona áfrýjanda
heimilaði veðsetningu til tryggingar skuld hans við Rækjuvinnsluna
h.f. Þessar málsástæður eru ekki settar fram í nægilega rökréttu
sambengi við kröfugerð hans til þess að efni séu til að taka afstöðu
til þeirra.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að
niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir
Hæstarétti, sem ákveðst 100.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson persónulega og f.h. einkafirma
síns Unex, greiði stefndu, Búnaðarbanka Íslands og Þorvaldi
G. Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti 100.000,00
krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júlí 1986.

Mál þetta sem var dómtekið 18. júní sl. hefur Ólafur Jónsson (6770-2492)
framkvæmdastjóri, 120 Wall Street New York, New York ríki Bandaríkjum
Norður-Ameríku, höfðað fyrir sína hönd og einkafyrirtækis síns Unex á
hendur Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, og Þorvaldi Grétari Einarssyni

(9807-8053), lögmanni bankans, til heimilis að Selvogsgrunn 9 Reykjavík, in solidum til heimtu skaðabóta vegna vanefnda á samningi um innheimtu á skuld.

Hinn 24. janúar 1975 var gerður samningur milli Unex og International Business Consult Ronnie Wolf Aktiebolag (IBC AB), Hauganesi, Svíþjóð, um sölu á rækju frá Íslandi. Rækjunnar aflaði stefnandi hjá Rækjuvinnslunni hf. á Skagaströnd. Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi þannig hafa selt rækju samtals fyrir 685.000,00 sænskar krónur. Samkvæmt sakargögnum má ætla að kaupendur hafi á tímabilinu 6. febrúar 1975 til 27. júní s.á. greitt 380.000,00 til 431.000,00 sænskar krónur.

Af hálfu sækjanda er miðað við að þessar greiðslur hafi numið 385.000,00 sænskum krónum, en af stefnda hálfu er byggt á því að greiðslufjárhæðin sé 380.500,00 sænskar krónur.

Þann 28. apríl 1975 sömdu aðilar kaupanna um afslátt að fjárhæð 33.300,00 s.kr., sem draga skyldi af næstu 10.000 kg sendingu, en af henni varð aldrei.

Stefnandi sendi fyrstu sendinguna 30. janúar 1975, en kaupandi samþykkti 100.000,00 s.kr. sýningarvixil til tryggingar greiðslu andvirðis hennar. Næsta sending, að fjárhæð 200.000,00 s.kr., fór 5. febrúar. Þann 10. febrúar gaf stefnandi út 200.000,00 s.kr. vixil, og var hann samþykktur af kaupanda til tryggingar greiðslu fyrir þessa sendingu.

Eigi síðar en 14. maí 1975 virðist kaupandi hafa verið búinn að greiða sem svarar rúmlega andvirði þessara vixla, en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðast greiðslur frá honum á því tímamarki hafa numið samtals 333.000,00 eða 382.000,00 s.kr. samkvæmt mismunandi gögnum. Af einhverjum ástæðum var vixlum fyrir þessum vörusendingum ekki skilað er andvirði þeirra hafði verið greitt.

Þann 26. febrúar sendi stefnandi rækju fyrir 195.000,00 s.kr. og þann 5. mars fyrir 190.000,00 s.kr. Kaupandi virðist hafa samþykkt vixil til tryggingar greiðslu fyrir þessa rækju, en Landsbanki Íslands, sem annaðist milli-göngu um viðskiptin, ekki viljað taka við honum. Þann 25. mars voru gefin út þrjú tryggingarskjöl sem á sænsku nefnast inteckningsrevers samtals að fjárhæð 200.000,00 s.kr. Eitt þessara skjala að fjárhæð 50.000,00 s.kr. er gefið út af IBC AB en hin tvö af Demag-Doublé aktiebolag. Stefnandi mun hafa fengið þessi skjöl í hendur til tryggingar efnudum á skyldum kaupanda.

Rækjuvinnslunni hf. bárust ekki greiðslur eins fljótt og vænst hafði verið, og lenti fyrirtækið í vanskilum við viðskiptabanka sinn, Búnaðarbanka Íslands. Lögmaður bankans, stefndi Þorvaldur Grétar Einarsson, kallaði stefnanda og framkvæmdastjóra Rækjuvinnslunnar hf. á sinn fund af þessu tilefni, og varð að ráði að stefnandi afhenti honum tvo vixla, annan að fjárhæð 100.000,00 s.kr. útgefinn hinn 24. janúar 1975 og hinn

að fjárhæð 200.000,00 s.kr. útgefinn 10. febrúar 1975. Báðir voru víxlar þessir sýningarvíxlar og kom Þorvaldur því til leiðar með milligöngu Landsbankans að þeir voru afsagðir 27. júní 1975. Þann 14. ágúst 1975 samþykkti stefnandi víxla og gaf út tryggingarbréf fyrir skuld við Rækjuvinnsluna hf. að fjárhæð 10.769.560 gkr. Þann 22. ágúst afhenti stefndi Þorvaldur Linders och Slettengren advokatbyrá í Helsingborg áður nefnda tvo víxla að fjárhæð samtals 300.000,00 s.kr. auk hinna þriggja tryggingarskjala, að fjárhæð samtals 200.000,00 s.kr. sem áður var minnst á.

Víxlarnir sem stefnandi samþykkti 14. ágúst 1975 greiddust ekki, og leiddu vanskilin til uppboðs á eignarhluta hans í Aðalstræti 9 í Reykjavík þann 23. september 1976. Þann 1. nóvember 1976 undirritaði stefnandi málflytningsumboð til lögmannanna Linders og Slettengren. Þann 8. mars 1977 undirritaði stefnandi innheimtuframsal til Búnaðarbankans varðandi áður nefnda víxla að fjárhæð 300.000,00 s.kr. Þann 9. sama mánaðar sendi lögmaður stefnanda Búnaðarbankanum framsalsyfirlýsinguna ásamt áður nefndum víxli að fjárhæð 190.000,00 s.kr. Þann 3. maí 1977 var stefnandi úrskurðaður gjaldþrota og IBC AB þann 27. apríl 1978. Þann 11. júlí sama ár lagði bústjóri til við skiptarétt að gjaldþrotaskiptum á búi IBC AB yrði lýst lokið og félagið leyst upp. Er ekki annað vitað en að búskiptum hafi verið lokið í samræmi við tillögu bústjóra. Þann 22. febrúar 1979 var Demag Doublé AB úrskurðað gjaldþrota. Skiptum á búinu lauk þann 11. september s.á. Engar eignir fundust í búinu.

Þann 4. september 1978 tók stefndi Þorvaldur að sér innheimtu á hendur stefnanda fyrir Rækjuvinnsluna hf. og þann 24. s.m. fékk hann stefnanda dæmdan til að greiða Rækjuvinnslunni hf. 3.369.560 gkr. Þann 23. nóvember 1979 veitti Rækjuvinnslan hf. stefnda Þorvaldi umboð til að ganga frá uppgjöri við Unex samkvæmt ályktun stjórnarinnar frá 22. s.m.

Þann 11. mars 1982 ritaði lögmaður stefnanda Búnaðarbankanum bréf með kröfu um fullnaðaruppgjör. Þann 30. mars 1982 var samþykkt á skiptafundi í þrotabúi stefnanda að láta kröfu á hendur IBC AB niður falla „enda teljist hún glötuð sökum þess að innheimtutilraunir hafi ekki átt sér stað“. Þann 27. apríl 1982 voru skipti á búi stefnanda felld niður. Engar eignir fundust í búinu.

Þann 18. maí 1982 var bréfi lögmanns stefnanda svarað af hálfu Búnaðarbankans á þá leið að innheimtubeiðni stefnanda hefði verið hafnað og lögmaður bankans aldrei tekið að sér innheimtu fyrir stefnanda, hvorki í eigin nafni né f.h. bankans.

Þann 24. maí 1984 höfðaði stefnandi mál á hendur stefndu „til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar vegna innheimtu hinna stefndu á skuldakröfu stefnanda frá 1975, upphaflega sek. 300.000,-“.

Í máli þessu komu fram aðilaskýrslur af hálfu aðila og vitni voru leidd.

Það mál var hafið 4. mars 1985 og mál þetta síðan höfðað út af sama efni. Skjöl þau og skýrslur sem fram komu í fyrra málinu hafa verið lögð fram í hinu síðara.

Af stefnanda hálfu eru gerðar kröfur eins og hér segir:

Aðalkrafa: Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á SEK. 266.700,00 með vöxtum frá 27/6/75 í samræmi við gildandi vixilvexti í Svíþjóð, þannig: 7% frá 27/6/75 til 22/8/75, 6% frá þ.d. til 30/1/76, 5,5% frá þ.d. til 4/6/76, 6% frá þ.d. til 4/10/76, 8% frá þ.d. til 17/2/78, 7,5% frá þ.d. til 20/4/78, 7% frá þ.d. til 21/7/78, 6,5% frá þ.d. til 6/7/79, 7% frá þ.d. til 27/9/79, 8% frá þ.d. til 23/11/79, 9% frá þ.d. til 18/1/80, 10% frá þ.d. til 21/1/81, 12% frá þ.d. til 15/10/81, 11% frá þ.d. til 12/3/82, 10% frá þ.d. til 21/1/83, 9% frá þ.d. til 8/4/83, 8,5% frá þ.d. til 29/6/84, 9,5% frá þ.d. til 13/5/85, 11,5% frá þ.d. og til greiðsludags.

Varakrafa: Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á ísl. kr. 182.967,00 með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum skv. vaxtaákvörðun Seðlabankans, þ.e. að dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, þannig af kr. 182.967,00 3% frá 28/6/78 til 30/5/79, 4% frá 1/6/79 til 27/6/79, af kr. 250.481,00 4% frá 28/6/79 til 30/8/79, 4,5% frá 1/9/79 til 30/5/80, 4,75% frá 1/6/80 til 27/6/80, af kr. 384.025,00 4,75% frá 28/6/80 til 30/5/81, 4,5% frá 1/6/81 til 27/6/81, af kr. 602.036,00 4,5% frá 28/6/81 til 20/4/82, 4% frá 21/4/82 til 27/6/82, af kr. 920.393,00 4% frá 28/6/82 til 30/10/82, 5% frá 1/11/82 til 27/6/83, af kr. 1.434.892,00 5% frá 28/6/83 til 20/10/83, 4,75% frá 21/10/83 til 20/11/83, 4% frá 21/11/83 til 20/12/83, 3,25% frá 21/12/83 til 20/1/84, 2,5% frá 21/1/84 til 27/6/84, af kr. 2.064.924,00 2,5% frá 28/6/84 til 10/8/84, 2,75% frá 11/8/84 til 30/1/85, 3,75% frá 1/2/85 til 28/2/85, 4% frá 1/3/85 til 1/6/85, 3,5% frá 1/6/85 til 27/6/85 og af kr. 2.850.833,00 frá 27/6/85 3,5% til 1/9/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/86, frá þ.d. 2,75% til 1/4/86, frá þ.d. til 27/6/86 2,25% og af kr. 3.966.221,00 frá 27/6/86 2,25% til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Önnur fjárhæð að mati dómsins.

Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefndi Þorvaldur hafi fyrir hönd Búnaðarbankans tekið að sér að innheimta skuld IBC AB samkvæmt vixlum, samtals að fjárhæð 300.000,00 s.kr. í maí 1975; auk vixlanna hafi hann fengið í hendur veðskjöl til aukinnar tryggingar, m.a. með ábyrgð Demag Double ab og Elis Elhagen; síðan hafi hann þann 9. mars 1977 tekið við vixli að fjárhæð 190.000,00 s.kr., samþykktum af Sven Klang,

en víxil þennan hafi hann átt að innheimta ef annað brygðist; reyndin hafi orðið sú að skuldin hafi ekki innheimst þótt hún væri vel innheimtanleg, sökum tómlætis hinna stefndu; stefnandi hafi tryggt Rækjuvinnslunni hf. full skil á andvirði rækjunnar og það fyrirtæki síðan fengið fullnustu kröfu sinnar; þetta hafi gerst þrátt fyrir það að stefnandi var aðeins umboðsmaður og bar þannig aðeins að gera skil á kaupverði að því leyti sem það greiddist. Stefnandi telur sig réttan aðila kröfunnar, a.m.k. eftir að hann tryggði framleiðandanum greiðslu.

Stefnandi telur að stefndu hafi felld á sig sönnunarbyrðina fyrir því að krafan hafi ekki verið innheimtanleg og að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefndu er nemi víxilfjárhæðunum að frádregnum umsömdum afslætti, 33.300,00 s.kr. að viðbættum kostnaði og vöxtum sem ekki geti talist fyrirdir þar sem þeir séu hluti af skaðabótakröfunni.

Varakrafan er við það miðuð að tjón stefnanda hafi orðið við fyrningu víxilkröfunnar þrem árum eftir afsögn.

Stefnandi telur sér heimilt að gera kröfu í sænskum krónum þar sem tjón hans hafi verið fólgið í missi kröfu í þeim gjaldeyri, en þrautavarakrafan er gerð með þann möguleika í huga að talið verði að bótakrafan verði einungis dæmd í íslenskri mynt.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttar, reglum um fébótaábyrgð lögmannna og reglum um ábyrgð atvinnurekenda á starfsmönnum sínum.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram að Búnaðarbankinn sé ekki réttur aðili málsins þar sem hann hafi neitað að taka að sér innheimtuna, afskipti stefnda Þorvalds hafi legið utan starfsskyldu hans við bankann; Þorvaldur hafi aldrei tekið að sér innheimtu víxlanna, heldur aðeins að útvega lögmann án þess að taka ábyrgð á honum; krafan hafi verið óviss og skuldarinn og ábyrgðarmennirnir ógjaldfærir þannig að krafan hafi verið ónýt frá upphafi og stefnanda um allar staðreyndir kunnugt sem vörðuðu gæði kröfunnar. Til vara er því haldið fram að stefnandi hafi glatað kröfu sinni með tómlæti, að vaxtakrafa sé fyrnd og að honum sé óheimilt samkvæmt lögum nr. 71/1966 að gera kröfuna í erlendri mynt.

Mál þetta bar þannig að stefndu í upphafi að greiðsludráttur varð á skuld Rækjuvinnslunnar hf. við Búnaðarbankann. Það mál kom til kasta stefnda Þorvalds sem lögmanns bankans. Í stað þess að hefja lögsókn gegn viðskiptamanni bankans hóf stefndi Þorvaldur tilraunir til úrgreiðslu á málum skuldarans með það fyrir augum að koma skuld hlutafélagsins við bankann í skil. Við könnun á fjárreiðum og greiðslugetu viðskiptamannsins komst stefndi Þorvaldur á snodir um að félagið átti útistandandi andvirði rækju í Svíþjóð. Fundum hans og stefnanda bar síðan saman með þeim hætti að stefnandi kom á fund lögmannsins ásamt framkvæmdastjóra félagsins

til að gera grein fyrir tregðu á skilum á andvirði rækjunnar. Stefndi virðist hafa fengið víxlana í hendur til að kanna hvort með innheimtu þeirra mætti leysa vanda Rækjuvinnslunnar. Svo virðist sem stefnandi hafi ekki upplýst stefnda um að þær skuldir sem voru beint tilefni samþykkis víxlanna voru þá þegar greiddar. Stefndi Þorvaldur lét afsegja víxlana og leiddi það til mjög harðra viðbragða af hálfu kaupendanna sem slitu viðskiptunum samdægurs og leituðu lögmannaðstoðar. Daginn sem víxlarnir voru afsagðir greiddi kaupandi stefnanda 31.000,00 s.kr. og lögmaður kaupanda ritaði Þorvaldi bréf þar sem hann býður nýja víxla gegn leiðréttingu mistaka. Þorvaldur setti sig í samband við viðskiptabanka Búnaðarbankans í Svíþjóð og komst fyrir hans tilstilli í samband við Slettengren lögmann og afhenti honum víxlana og tryggingarskjölin en fékk stefnanda til að samþykkja víxlana fyrir skuldinni við Rækjuvinnsluna hf. og stefnanda og konu hans til að setja veð fyrir skuldinni. Að eigin sögn virðist stefndi Þorvaldur hafa álitnið að stefnandi væri í raun þegar búinn að fá það sem ógreitt var til Rækjuvinnslunnar að meira eða minna leyti í hendur í skiptum sínum við kaupendur og komið málum þannig að hann bæri nú sjálfur ábyrgð á skuldinni gagnvart Rækjuvinnslunni hf.

Úr því að stefnandi samþykkti víxla og veitti og útvegaði veð fyrir öllum eftirstöðum kaupverðsins, virðist hann einnig hafa litið svo á á þessum tíma að hann bæri persónulega ábyrgð á skuldinni. Þorvaldur virðist ekki hafa gert sér ákveðna grein fyrir því í upphafi hver ætti að teljast eigandi sænsku víxlanna en gert ráð fyrir að andvirði þeirra yrði notað til að gera upp milli aðila og Rækjuvinnslunnar hf. Hann virðist helst hafa litið svo á að Rækjuvinnslan hf. hefði einhvers konar samningsbundinn tryggingarrétt í víxlum og öðrum tryggingarskjölum sem kæmi bankanum til góða með þeim hætti að hann hefði aðstöðu og rétt til að taka við andvirði víxlanna og taka sér fullnustu af því. Þegar skýrsla og fyrirspurn um frekari fyrir-mæli barst frá Slettengren lögmanni eftir að stefnandi hafði stofnað til víxilskuldbindinga og veðréttar til tryggingar gagnvart Rækjuvinnslunni hf. virðist Þorvaldur hafa talið að stefnandi ætti með að taka ákvörðun um hvernig að lögsókn skyldi staðið. Hann segist hafa gert stefnanda grein fyrir erindi Slettengrens, en segir stefnanda ekki hafa viljað semja við kaupendur heldur fara í hart. Stefndi gaf síðan Slettengren fyrir-mæli í samræmi við þessa afstöðu stefnanda.

Stefndi Þorvaldur kveðst hafa gert stefnanda grein fyrir því frá upphafi að bankinn hvorki gæti né vildi annast innheimtu fyrir stefnanda. Hins vegar höfðaði hann síðar mál fyrir hönd Rækjuvinnslunnar hf. á hendur stefnanda til greiðslu víxlanna sem stefnandi samþykkti 14. ágúst 1975, að því er virðist til að greiða fyrir skilum við bankann.

Þorvaldur tók við óútfylltu umboði til Slettengrens þegar hann afhenti

honum víxlana. Þetta umboð undirritaði stefnandi síðan í viðurvist stefnda sem telur sig hafa fengið stefnanda frumrit eða samrit umboðsins með það fyrir augum að hann setti sig milliliðalaust í samband við Slettengren. Kröfu Slettengrens um þóknun telur hann sig hafa komið á framfæri við stefnanda.

Beiðni lögmanns stefnanda 9. mars 1977 um að bankinn tæki við formlegu innheimtuframsali kveðst Þorvaldur hafa hafnað munnlega eftir að Magnús Jónsson bankastjóri hefði endanlega hafnað því að bankinn tæki þetta verkefni að sér. Meðfylgjandi víxil að fjárhæð 190.000,00 s.kr. kveðst stefndi hafa framsent Slettengren.

Þegar það er virt sem hér hefur verið rakið um afskipti stefnda af lögsókn gegn IBC AB og eindregin andmæli stefndu, verður ekki talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að komist hafi á samningur milli hans og stefndu um að þeir tækju að sér fyrir hann að innheimta kröfu hans á hendur IBC AB. Hins vegar virðist stefnandi hafa fallist á að stefndi fengi skuldaskjöl hans í hendur með það fyrir augum að með þeim hætti mætti koma skuld Rækjuvinnslunnar hf. í skil. Afhending skjalanna virðist þannig hafa verið gerð til tryggingar, byggt á samkomulagi og falið í sér innheimtuumboð.

Kemur þá til álita hvort stefndu hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi varðandi innheimtu krafna á hendur Rækjuvinnslunni hf., stefnanda og IBC AB, valdið stefnanda tjóni með þeim hætti að bankinn eða lögmaður hans hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Hvorugur aðilinn hefur gert viðhlítandi bókhaldslega grein fyrir viðskiptunum sem dómkröfur sakaraðila eiga rót sína að rekja til. Þannig hefur stefnandi hvorki lagt fram viðskiptareikning IBC AB né Rækjuvinnslunnar hf. úr bókhaldi sínu. Hvorugur aðili hefur gert nákvæma grein fyrir útreikningum sem byggt var á við frágang tryggingarskjala 14. ágúst 1975. Þannig virðist óljóst hvort tillit var tekið til umboðslauna, afsláttar og útflutningsgjalda. Þá vantar og viðhlítandi gögn og upplýsingar um uppgjör á kröfu Rækjuvinnslunnar hf. eftir 14. ágúst 1975. Óljóst er hvað kaupandi rækjunnar hefur greitt stefnanda, að hve miklu leyti hann hefur gert skil við Rækjuvinnsluna hf. og að hve miklu leyti innborgað fé hefur gengið til greiðslu umboðslauna og kostnaðar.

Lagður hefur verið fram fjöldi skjala á erlendum málum án þess þeim fylgdi löggilt þýðing sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 11. gr. laga nr. 28/1981. Stefnandi þykir þó hafa gert nægilega sennilegt að greiðsla víxlanna hefði komið honum til góða til fullnustu umboðslaunakröfu hans eða með því að létta af honum skuld við Rækjuvinnsluna hf., og þrátt fyrir greinda annmarka þykir vera fært að leggja efnisdóm á sakarefnið. Halla af sönnunarskorti vegna vanreifunar verða aðilar að bera samkvæmt almennum reglum.

Þann 11. febrúar 1975 veitti Kullabygdens Sparbank í Hauganesi stefnanda upplýsingar um IBC AB þar sem fram kemur að félagið hefði verið stofnað árið áður, og hefði ekki gert skil á ársreikningum. Því var talið erfitt að dæma um fjárhagsstöðu þess. Hlutfé er sagt 50.000,00 s.kr. Um lántraust fyrirtækisins segir í skýrslunni: „Begtánsað kredit torde ej misbrukas.“

Í bréfi Slettengrens dags. 22. október 1975 kemur fram að venjuleg lögsókn á hendur IBC AB mundi sennilega leiða til gjaldþrots þess.

IBC AB sendi aldrei „Kongl. patent- och registreringsverket“ ársreikninga eins og félaginu var skylt samkvæmt 11. kap. 3. gr. sænsku hlutfélagalaganna. Af þessum sökum krafðist stofnunin, skv. 50. gr. 2. mgr. sömu laga, gjaldþrotaskipta á búi félagsins 12. janúar 1978. Félagið reyndist ekkert hafa starfað síðan 1976 og reyndist eignalaust.

Demag Double ab. sem veitti tryggingu fyrir 150.000,00 s.kr. var úrskurðað gjaldþrota 22. febrúar 1979 vegna þess að félagið var stjórnlaust og hafði ekki skilað ársreikningum síðustu tvö árin.

Stefnandi heldur því fram að Sven Klang hafi samþykkt víxil að fjárhæð 190.000,00 s.kr. persónulega. Í bréfi Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem hann ritaði stefnda 9. mars 1977, er víxill þessi sagður samþykktur af Sven Klang f.h. IBC AB. Víxillinn hefur ekki verið lagður fram í málinu, hvorki í frumriti né afriti. Sven Klang varð gjaldþrota 1. nóvember 1978.

Stefnandi virðist telja að Elis Elhagen hafi borið persónulega ábyrgð með hlutfélaginu Demag Double ab., en engin gögn hafa verið lögð fram um að Elhagen hafi tekið á sig slíka ábyrgð. „Företagsinteckning“ sú sem veitt var til tryggingar greiðslu kaupverðs hefði aðeins veitt veðhafa vissan forgangsrétt við gjaldþrot ef einhverjar eignir hefðu fundist í búum veðsala.

Það sem hér hefur verið rakið um fjárhag skuldara bendir eindregið til þess að þegar stefndi hófst handa um að greiða fyrir innheimtu víxlanna hafi högum skuldaranna verið þannig komið að vonlaust eða vonlítið hafi verið um að lögsókn bæri árangur.

Samkvæmt bréfi Slettengrens dags. 22. október 1975 virðist besti kostur sem völ var á hafa verið að IBC AB greiddi í eitt skipti fyrir öll 75.000,00 s.kr. samkvæmt tilboði félagsins. Stefnandi virðist sjálfur hafa hafnað þessu boði og krafist harðra aðgerða. Hann greiddi þó ekki þóknun til Slettengrens þegar um hana var krafíð og sendi honum ekki málflytningsumboð.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með stefnanda að aðgerðarleysi stefnda um innheimtu hafi valdið honum bótaskyldu tjóni.

Stefndi virðist hafa komið því til leiðar að stefnandi gaf út tryggingarbréf og samþykkti víxla til tryggingar kröfu Rækjuvinnslunnar hf. Þótt ráðið verði af gögnum málsins að stefnandi hafi aðeins verið umsýslumaður og

þannig ekki borið ábyrgð gagnvart umsýsluveitanda á því að kaupandi efndi samningsskyldur sínar. Stefnandi varð síðan gjaldþrota, og húseign hans var seld á uppboði. Eiginkona hans eða tengdafaðir greiddu hluta skuldarinnar. Stefnandi hefur látið að því liggja að stefndi hafi beitt sig og konu sína óeðlilegum þrýstingi til að fá þau til að setja Rækjuvinnslunni hf. þannig tryggingu. Stefnandi er menntaður í verslunarfræðum og virðist hafa starfað lengi sem umsýslumaður að útflutningi. Honum mátti vera manna best ljóst hver skuldastaðan var milli kaupanda og seljanda og við hve miklu fé hann hafði tekið frá kaupanda. Honum mátti vera fullljóst hver réttarstaða hans var, en stefndi hafði hins vegar enga örugga vitneskju um þessi efni. Stefnandi hefur ekki beinlínis borið þessi atvik fyrir sig sem málsástæður, og verður ekki fallist á kröfur hans á grundvelli þeirra.

Hluti stefnanda í Aðalstræti 9 var til tryggingar hluta víxilskuldar hans við Rækjuvinnsluna hf. Búnaðarbankinn varð næsthæstbjóðandi á nauðungaruppboði 23. september 1976. Boði hæstbjóðanda var hafnað. Búnaðarbankinn færðist undan að standa við boð sitt, og var eignin seld á grundvelli þriðja hæsta boðs. Stefnandi telur stefnda bera bótaábyrgð gagnvart sér á þessum grundvelli og notar 400.000 g.kr. mismun á boðum í útreikningum þeim sem hann hefur gert til að sýna fram á tjón sitt. Samkvæmt venjubundnum skilmálum var stefndi bundinn við boð sitt í þrjár vikur. Réttir aðilar neyttu ekki heimildar til að koma því til leiðar að boð stefnda væri samþykkt og var hann því laus mála þegar annað boð hafði verið samþykkt og samþykkisfrestur á enda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að stefnda hafi borið sérstök skylda gagnvart honum til að standa við boð sitt.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður öllum kröfum stefnanda í málinu hrundið, en eftir atvikum þykir mega fella niður málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Eggert Óskarsson borgardómari og Kristjana Jónsdóttir fulltrúi yfirborgardómara kváðu upp dóm þennan. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. A. laga 85/1936 sbr. 9. gr. laga 28/1981. Gætt hefur verið ákvæða 2. ml. 2. mgr.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómenda og umfangs málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu Búnaðarbanki Íslands og Þorvaldur G. Einarsson skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ólafs Jónssonar persónulega og vegna einkafirma hans Unex. Málskostnaður fellur niður.